



# STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFELAGS ÍSLANDS

MILLI AÐALFUNDA  
Í STÓRUTJARNASKÓLA 2017  
OG Á HELLU 2018





**Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands**  
**Haldinn á Stracta Hótel, Rangárflötum 4, Hellu**  
**31. ágúst - 2. september 2018**

**Föstudagur 31. ágúst**

09:30 **Afhending fundargagna**

10:00 **Fundarsetning og ávörp**

*Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands*

*Jón Ragnar Örlygsson, formaður Skógræktarfélags Rangæinga, býður gesti velkomna*

*Sigríður Heiðmundsdóttir kynnir Skógræktarfélag Rangæinga*

*Pröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri*

*Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþingi ytra*

10:45 **Skýrsla stjórnar Skógræktarfélags Íslands**

Jónatan Garðarsson og Brynjólfur Jónsson

**Reikningar Skógræktarfélags Íslands**

Brynjólfur Jónsson

**Skýrsla Landgræðslusjóðs**

Guðbrandur Brynjúlfsson

**Fyrirspurnir um skýrslu stjórnar**

11:30 **Skipað í nefndir. Tillögur lagðar fram og kynntar**


11:45 **Stutt kynning á sveitarfélaginu**

11:55 **Hekluskógar - kynning - Hrönn Guðmundsdóttir**

12:00 **Hádegisverður**

13:15 **Skoðunarferð - Uppsveitir Rangárvalla og Bolholtsskógur**

21:00 **Áætluð koma úr skoðunarferð**



**Laugardagur 1. september**

08:30 **Nefndastörf**

10:00 **Fræðsluerindi**

10:00-10:30 **Skógarnytjar - verk í vinnslu - Björn Steinar Blumenstein**

10:30-11:00 **Saga Rangárþings ytra - Ágúst Sigurðsson**

11:00-11:20 **Landgræðslan, baráttan við sandinn - Árni Bragason**

11:20-11:30 **Eitt býli meðal þúsunda - Margrét Grétarsdóttir**

11:30-12:00 **Að rækta loft! Skógrækt og loftslagsmál - Bjarni Diðrik Sigurðsson**

12:00 **Fyrirspurnir og umræður**

12:10 **Hádegisverður**

13:30 **Skoðunarferð - Fljótshlíð**

17:00 **Komið úr skoðunarferð**

19:30 **Fordrykkur**

20:00 **Hátíðarkvöldverður**

**Ávarp Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra  
Hátíðardagskrá í boði Skógræktarfélags Rangæinga  
Heiðranir, tónlistaratriði og fleira**

**Sunnudagur 2. september**

10:00 **Yfirferð kjörbréfanefndar**

10:05 **Afgreiðsla reikninga**

10:15 **Afgreiðsla tillagna**

11:00 **Almennar umræður**

11:30 **Kosning stjórnar**

12:00 **Fundarlok**

**14:00 Útnefning Trés ársins 2018 að Skógum**



# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS</b> .....	<b>1</b>
<b>UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI</b> .....	<b>1</b>
<b>ÚTGÁFUMÁL</b> .....	<b>3</b>
SKÓGRÆKTARRITID .....	3
LAUFBLAÐID .....	3
FRÆKORNIÐ .....	3
TÆKIFÆRISKORT .....	3
FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA .....	3
HEIMASÍÐA OG VEFMIÐLAR .....	3
<b>FRÆÐSLUSTARF</b> .....	<b>3</b>
<b>FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR</b> .....	<b>4</b>
AÐALFUNDUR 2017.....	4
FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR.....	7
<b>SKÓGRÆKTARSVÆÐI</b> .....	<b>8</b>
BRYNJUDALUR .....	8
ÚFLJÓTSVATN .....	8
<b>UMSJÓN</b> .....	<b>9</b>
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR .....	9
OPINN SKÓGUR .....	9
TRÉ ÁRSINS .....	10
LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR .....	10
KOLVIÐUR .....	10
YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS .....	11
LÍF Í LUNDI .....	11
SKÓGRÆKTAR SJÓÐUR HÚNAVATNSSÝSLU .....	11
SKÓGRÆKTARSTARF LANDSVIRKJUNAR VIÐ BÚRFELL .....	11
SJÁLFBODALÍÐAR – EUROPEAN VOLUNTEER SERVICE .....	12
EUROPEAN FOREST NETWORK .....	12
FRÆÐSLUFERÐIR .....	12
<b>ÝMIS VERKEFNI</b> .....	<b>12</b>
STEFNUMÓTUN.....	12
SAMNINGAR.....	12
GLOBAL RELEAF .....	12
UMSAGNIR .....	12
<b>ÞAKKIR</b> .....	<b>13</b>
SAMSTARFSADILAR.....	13
STUÐNINGSAÐILAR .....	13

Ljósmyndir í skýrslu:

Brynjólfur Jónsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir

Reykjavík, ágúst 2018





## INNGANGUR

Verkefni Skógræktarfélags Íslands eru margvísleg og tengd ýmsum hliðum skógræktar. Er þar bæði um að ræða reglubundin verkefni, eins og Landgræðsluskógaverkefnið og umsjón með Yrkjusjóði, og ýmis tilfallandi verkefni sem koma upp eitt ár eða standa yfir í nokkur ár og enda svo. Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem félagið hefur fengist við frá aðalfundi í Stórutjarnaskóla árið 2017.

## STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum 2017 var Sigrún Stefánsdóttir endurkosin í stjórn. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gaf ekki kost á sér áfram og var Laufey B. Hannesdóttir kosin í hennar stað. Magnús Gunnarsson gekk úr stjórn og gaf ekki kost á sér sem formaður áfram og var Jónatan Garðarsson kosinn í hans stað. Varamenn voru kosin Kristinn H. Þorsteinsson, Valgerður Auðunsdóttir og Jens B. Baldursson. Sem skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Jónatan Garðarsson formaður, Guðbrandur Brynjólfsson varaformaður, Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, og Páll Ingþór Kristinsson, Sigrún Stefánsdóttir og Þuríður Yngvadóttir meðstjórnendur. Stjórnin hélt tíu fundi á tímabilinu.

Hjá félaginu störfuðu fimm fastráðnir starfsmenn á tímabilinu: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri, Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur. Sigurður Skúlason var lausráðinn til að vinna að samningamálum Landgræðsluskóga.

Stjórn félagsins og starfsmenn leitast eftir megni að styrkja starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum og hefur eftir föngum fylgst með starfsemi félaganna.

## UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRÍ



*Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, að störfum í skógi félagsins í Brynjudal í Hvalfirði.*



	2017	2016
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Rekstrartekjur	49.076.458	43.815.557
Rekstrargjöld	42.504.887	40.452.833
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	6.571.571	3.362.724
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.946.589)	(2.160.256)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>4.624.982</b>	<b>1.202.468</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Eignir		
Fastafjármunir	188.850.198	190.743.087
Veltufjármunir	30.197.649	22.421.258
Eignir samtals		
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	170.526.295	165.901.313
Skuldir samtals	48.621.552	47.263.032
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>219.147.847</b>	<b>213.164.345</b>
<b>Eignir í bundnum sjóðum</b>	<b>37.081.864</b>	<b>34.445.929</b>



Á Skálholtshátíðinni í júlí var undirritaður samningur milli kirkjunnar og Skógræktarfélags Íslands um afnot félagsins af 230 hektara svæði í landi Skálholts.

## ÚTGÁFUMÁL

### Skógræktarritið

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2017 kom út í desember 2017 og 1. tbl. 2018 kom út í maí á þessu ári. Áskrifendur eru nú tæplega 2.200.

### Laufblaðið

Á tímabilinu komu út þrjú tölublöð Laufblaðsins – í nóvember 2017, á alþjóðlegum degi skóga í mars 2018 og í lok júlí 2018. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang og eru þeir félagsmenn jafnframt með í pottinum í netfangaleik Laufblaðsins. Voru þrír vinningshafar dregnir út þann 15. maí.

### Frækornið

Á starfsárinu kom út eitt eintak af fræðsluritinu Frækornið, en það fylgir nú Skógræktarritinu. Efni þess var *Jólatrjáaræktun fjallabins á Íslandi* (nr. 36). Höfundur þess var Brynjar Skúlason.

### Tækifæriskort

Félagið gaf út kort með mynd eftir Grétu Gísladóttur og prýddi sú mynd einnig forsíðu 2. heftis Skógræktarritsins 2017.

### Félagsskírteini skógræktarfélaganna


Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til skógræktarfélaganna. Leitað var til ýmissa fyrirtækja um afslátt á vörum og þjónustu. Að þessu sinni veittu ellefu fyrirtæki félagsmönnum 10-15% afslátt gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: Blómaval, Flóra garðyrkjustöð, Garðheimar, Garðyrkjustöðin Kvistar, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, Húsasmiðjan, MHG Verslun, Náttugi garðplöntustöð og Sólskógar. eru þeim fyrirtækjum færðar þakkir fyrir stuðninginn.

### Heimasíða og vefmiðlar

Félagið hélt úti heimasíðunni [www.skog.is](http://www.skog.is) á tímabilinu. Á síðunni eru grunnupplýsingar um félagið og einstök skógræktarfélög, auk þess sem birtar eru fréttir frá skógræktarfélagunum og fréttir um ýmsa skógartengda viðburði. Endurnýjun heimasíðunnar er í vinnslu og er gert ráð fyrir að ný og nútímalegri síða líti dagsins ljós í byrjun næsta árs. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er rúmlega 3.400. Félagið er einnig með síðu á Facebook, auk þess sem félagið er með Facebook síðu fyrir Skógræktarritið og nýja Facebook síðu fyrir Líf í lundi verkefnið. Félagið hefur einnig YouTube rás og stofnaður var reikningur fyrir félagið á Instagram.

### FRÆDSLUSTARF

Félagið sinnti sem fyrr fræðslu- og leiðbeiningastarfi fyrir almenning. Sátu fulltrúar félagsins fyrir svörum við ýmis tilefni og voru í samskiptum við mörg skógræktarfélög, með formlegum heimsóknum, mætingu á viðburði hjá félagunum, og með símtölum og tölvupóstum.





## FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

### Aðalfundur 2017

82. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Stórutjarnaskóla dagana 25. -27. ágúst 2017. Á annað hundrað fulltrúar, víðs vegar af landinu, sóttu fundinn, en gestgjafi var Skógræktarfélag S-Pingeyinga. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Aðrir á mælendaskrá voru Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, formaður Skógræktarfélags S-Pingeyinga, Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri Pingeyjarsveitar.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn sex tillögur að ályktunum. Farið var í tvær vettvangsferðir. Á föstudeginum var ekið um Reykjadal, haldið til Skruðgarðsins á Húsavík og í Fosselsskóg, en á laugardaginn var Vaglaskógur heimsóttur.

### Eftirfylgni við ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2017

Ályktunum aðalfundarins í Stórutjarnaskóla hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

#### Ályktun 1:

##### Framlag til aðalfundar

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, samþykkir að aukið sé framlag til þess félags sem heldur aðalfund Skógræktarfélags Íslands hverju sinni.*

Stjórn félagsins ræddi þessa ályktun á stjórnarfundum 4. september 2017. Ekki er ráðrúm til að leggja aðildarfélögum fjármuni af rekstrarfé Skógræktarfélags Íslands, umfram það sem gert hefur verið undan-



Vigdís Finnbogadóttir, heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands og Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, formaður Skógræktarfélags S-Pingeyinga, ræða málin í Vigdísarrjóðri í Fosselsskógi á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2017.



*Einar Gunnarsson og Jón Ásgeir Jónsson, starfsmenn Skógræktarfélags Íslands, yfirfara Tjaldið, eitt hýsa Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal í Hvalfirði.*

farin ár. Meðal annars má geta þess að Skógræktarfélag Íslands hefur, eftir að ráðuneyti hættu að styrkja fordrykki á fundinum, greitt veitingar af þeim toga. Stjórnarmenn félagsins sem eru í stjórn Landgræðslusjóðs geta hinsvegar haft áhrif á styrkveitingar til viðkomandi aðildarfélag, séu þær innan þess ramma sem Landgræðslusjóður setur sér. Ljóst er að Landgræðslusjóður hefur veitt veglega styrki til félaga sem halda aðalfundi þegar ráðrúm hefur gefist.

### **Ályktun 2:**

#### Upplýsingamiðlun til formanna skógræktarféлага

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, beinir því til stjórnar Skógræktarfélags Íslands, að bæta upplýsingagjöf til formanna aðildarfélaganna.*

Fundargerðir stjórnar Skógræktarfélags Íslands eru nú birtar á heimasíðu félagsins undir *Upplýsingar fyrir formenn*, eftir því sem þær eru samþykktar af stjórn.

### **Ályktun 3:**

#### Landgræðsluskógar

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að gera 10 ára samning um framhald Landgræðsluskógarverkefnisins á haustdögum en samningurinn rennur út á næsta ári.*

Ekki reyndist unnt að ná fram langtímasamningi vegna Landgræðsluskóga eins og stefnt var að. Aftur á móti var viðaukasamningur við fyrri samning um Landgræðsluskóga undirritaður þann 15. febrúar af Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra og Jónatan Garðarssyni, formanni Skógræktarfélags





*Skógræktarfélag Íslands stóð, í samvinnu við Skógræktarfélag Garðabæjar, fyrir fullveldisgróðursetningu í Sandahlíð í Garðabæ á Líf í lundi deginum þann 23. júní.*

Íslands. Samningurinn tryggir fjárframlög til Landgræðsluskóga á næsta ári. Þannig hefur verið hægt að semja við plöntuframleiðendur um framleiðslu á skógarplöntum sem nemur hluta framleiðslu fyrri ára. Með færri framleiðendum á markaðnum hefur plöntuverð hækkað umtalsvert milli ára.

#### **Ályktun 4:**

##### Efling bændaskógræktar

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, leggur til að bændaskógrækt verði efla og auka til muna. Mikill áhugi er meðal bænda á að stunda skógrækt á jörðum sínum og samfélagslegur ávinningur af skógræktarstarfi þeirra er margþættur. Skógrækt getur stutt við og að einhverju leyti komið í stað búgreina sem eiga undir högg að sækja. Skógar bæta búsetuskilyrði til muna, auka verðmæti jarða og munu þegar fram í sækir verða mikilvæg náttúruauðlind.*

Ályktunin var send þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Ekki gafst tækifæri til að fylgja ályktuninni eftir vegna kosninga og stjórnarskipta í upphafi þessa árs.

#### **Ályktun 5:**

##### Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld nýti skógrækt markvisst sem aðgerð í loftslagsmálum. Felur fundurinn stjórn félagsins að senda upplýsingar þessa efnis á vefinn CO2.is þar sem stjórnvöld safna tillögum frá almenningi um vænlegar aðgerðir í loftslagsmálum.*





*Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Óskar Guðmundsson, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar og sr. Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, undirrita samning um stækkun skógræktarsvæðisins í Reykholti.*

Skógræktarfélag Íslands tók þátt í kynningarátaki ásamt öðum skógræktaraðilum á þessu ári sem hafði vinnuheitið „Kolefnisbinding – fjórföldun nýskógræktar“. Átakinu var ætlað að vekja athygli á möguleikum okkar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en slík aðgerð og aukning, þ.e. fjórföldun á skógrækt, fellur vel að alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar eru aðilar að. Átakinu var sérstaklega beint að stjórnsýslu landsins; sveitarfélögum, Alþingi og fjárveitingavaldi.

#### **Ályktun 6:**

##### Átak í fræsöfnun af birki haustið 2017

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, hvetur skógræktarfélög um land allt til að halda fræsöfnunardag í birkiskógum á degi íslenskrar náttúru þann 16. september. Mikið fræ er á birki víða um land og tækifæri til að safna miklu magni eftir þetta hlýja sumar. Fræinu mætti dreifa á skógræktarsvæði eða senda til Hekluskógaverkefnisins eða sambærilegra verkefna í öðrum landshlutum sem gætu séð um að dreifa fræinu á hentug lönd.*

Skógræktarfélag Íslands sendi hvatningu um fræsöfnun til allra aðildarfélaga sinna í byrjun september 2017. Einnig var samsvarandi hvatning send til allra grunnskóla landsins, í samstarfi við Yrkjusjóð.

#### **Fagráðstefna skógræktar**

Skógræktarfélag Íslands var formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógræktar sem haldin var í Hofi á Akureyri dagana 11. – 12. apríl 2018 undir yfirskriftinni „Fræöflun og trjákyrbætur“. Var ráðstefnan haldin í samstarfi við NordGen Forest, skógarsvið norrænu erfðavísindastofnunarinnar.



## SKÓGRÆKTARSVÆÐI

### Brynjudalur

Brynjudalsskógur var formlega vígður sem Opinn skógur þann 16. september 2017. Þar er góð aðstaða til útivistar í fallegu umhverfi. Vegurinn frá Ingunnarstöðum inn að bílastæðum við skógarjaðarinn var malaður og heflaður, ræsi lagað og áður hafði verið sett upp grindahlið í stað hefðbundins túnhliðs.

Jólavertíð var með nokkuð hefðbundnu sniði. Seld voru 985 jólatré úr Brynjudalsskógi, þar af 249 til starfsmanna fyrirtækja sem koma í jólaskóginn um helgar á jólaföstu til að velja tré með fjölskyldu sinni og eiga notalega stund í jólaskóginum. Auk þess voru seld 261 tré sem höggvin voru hjá skógarbændum. Alls voru því seld 1.246 tré.

### Úlfjótuvatn

Aðalfundur Úlfjótsvatns sf. var haldinn 3. október 2017 í fundarsal Garðyrkjufélag Íslands. Í stjórn voru kosnir Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Ögmundur Jónasson frá Bandalagi íslenskra skáta og Finnbogi Finnbogason frá Skátasambandi Reykjavíkur. Magnús er formaður, Ögmundur varaformaður, Brynjólfur gjaldkeri og Finnbogi ritari. Brynjólfur hefur prókúru fyrir félagið. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfjótsvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignaréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Á starfsárinu var unnið að gerð endanlegs samnings milli Skógræktarfélags Íslands og skátahreyfingarinnar. Samningurinn var unnin af Ólafi Proppé fyrir hönd skátahreyfingarinnar og Brynjólfi Jónssyni fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands og byggir m.a. á bráðabirgðasamkomulagi sem undirritað var hinn 27. júní 2012. Samningurinn hefur verið til umfjöllunar



*Unnið hefur verið jafnt og þétt að því að gera upp húsið að Úlfjótsvatni og voru svefnherbergi hússin innréttuð þannig að hægt væri að leigja þau út.*



*Ragnhildur Freysteinsdóttir, starfsmaður Skógræktarfélagss Íslands, mannar grillið við fullveldisgróðursetningu í Sandahlíð á Líf í lundum deginum 23. júní.*

bæði hjá skátum og Skógræktarfélagi Íslands, en endanleg samþykkt og undirskrift stjórna félaganna er ekki lokið. Samningsdrög liggja frammi á fundinum. Fulltrúar frá sendiráði Bandaríkjanna gróðursettu á Úlfjótssvatni í ágúst 2017. Er það þriðja árið í röð sem sendiráðsfólk kemur til að gróðursetja.

## UMSJÓN

### **Landgræðsluskógar**

Framlenging á samningi um Landgræðsluskóga dróst úr hófi fram. Útboð á plöntum til afhendinga var því seint á ferð og fór svo að engin tilboð bárust. Í framhaldinu var leitað eftir samningum við framleiðendur en þegar þetta er skrifað hefur einungis tekist að semja um ræktun á u.þ.b. helmingi þess fjölda sem áætlað var. Verð á plöntum hefur einnig hækkað umtalsvert.

### **Opinn skógur**

Eins og áður hefur komið fram var skógurinn í Brynjudal formlega opnaður sem Opinn skógur 16. september 2017 og er hann sextándi skógurinn sem opnaður er undir merkjum Opins skógar. Einnig hefur verið unnið að almennu viðhaldi og umhirðu í þeim skógum sem þegar hafa verið opnaðir.

Sótt var um fleiri styrki til að opna skóginn í Barmahlíð og til skipulagsvinnu í Álfholtsskógi sem fyrirhugað er að opna árið 2019 en fengust ekki.



## Tré ársins

Tré ársins 2018 verður formlega útnefnt sunnudaginn 2. september í tengslum við aðalfund félagsins. Tré ársins 2018 er vesturbæjarvíðir að Eystri-Skógum og hefur þeirri tegund ekki hlotnast sá heiður áður. IKEA á Íslandi er styrktaraðili verkefnisins og hefur endurnýjað samning þess efnis til næstu ára.

## Landgræðslusjóður

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2017 var samþykkt breyting á 7. grein skipulagsskrár Landgræðslusjóðs, þess eðlis að einn fulltrúa Skógræktarfélags Íslands í stjórn sjóðsins er kosin beinni kosningu á aðalfundi félagsins og má viðkomandi hvorki vera í aðal- né varastjórn félagsins. Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands í stjórn Landgræðslusjóðs voru á árinu Guðbrandur Brynjúlfsson, sem var formaður sjóðsins, Aðalsteinn Sigurgeirsson og samkvæmt beinni kosningu á aðalfundi 2017, Lydía Rafnsdóttir. Þá sitja einnig í stjórn sjóðsins Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands hefur einnig rétt til setu á stjórnarfundum Landgræðslusjóðs með málfrelsi og tillögurétti. Úthlutað var 9,2 milljónum króna úr sjóðnum í ár. Að öðru leyti vísast til skýrslu sjóðsins.

## Kolviður

Merkja má aukinn áhuga fyrir kolefnisjöfnun meðal fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum og hafa tekjur aukist jafnt og þétt. Gróðursettar voru 89.979 plöntur á Úlfjótuvatni sumarið 2017 og því verki fram haldið nú í sumar. Í fyrsta Kolviðarskóginum í landi Stóra-Hofs voru gróðursettar 16.786 plöntur. Svæðið er því sem næst fullnýtt og aðeins eftir að sinna umhirðu og smávægilegum íbótum. Kolviður leitar eftir samningum um ný lönd og þjónustusamningum við skógræktarfélag sem eru tilbúin að taka að sér verkefni samkvæmt verksamningi.



*Hrefna Einarsdóttir, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, skreytir Höllina, eitt hýsa félagsins í Brynjudal í Hvalfirði, áður en byrjað er að taka á móti hópum í jólatrjáaleit.*





Ferðalangar í fræðsluferð Skógræktarfélag Íslands til Kanada í september 2017 kanna gróðurinn í Klettafjöllunum.

### **Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins**

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs voru með venjubundnum hætti, en rúmlega 90 skólar sóttu um plöntur til sjóðsins árið 2018. Sigurður Pálsson, sem gegnt hafði starfi sem formaður Yrkjusjóðs frá árinu 2003, lést í september 2017. Haft var samband við Vigdís Finnbogadóttur í kjölfar andláts Sigurðar og skipaði hún nýjan formann sjóðsins, Andra Snæ Magnason. Skógræktarfélag Íslands annast rekstur Yrkju og situr framkvæmdastjóri félagsins alla stjórnarfundi.

### **Líf í lundi**

Líf í lundi er heiti útivistar- og fjölskyldudags þar sem boðið er upp á viðburði í skógum landsins og almenningur hvattur til þess að stunda hreyfingu, samveru og upplifa skóga landsins. Að deginum standa Skógræktarfélag Íslands og aðildarfélög þess, Skógræktin og Landssamtök skógareigenda, í samvinnu við önnur félagasamtök og stofnanir. Arion banki styrkir verkefnið. Fyrsti Líf í lundi dagurinn var haldinn laugardaginn 23. júní og voru 19 viðburðir í boði um land allt. Samstarfsnefnd með fulltrúum frá skógræktarfélagunum, Skógræktinni og Landssamtökum skógareigenda hélt utan um verkefnið, þá sérstaklega kynningarmál.

### **Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu**

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu er í vörslu Skógræktarfélag Íslands en sjóðurinn veitir skógræktarfélagum sem hafa starfsemi í Húnavatnssýslum styrki til verkefna. Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga fer með umsjón á jörðinni Fjósum í Svartárdal og Skógræktarfélag Vestur-Húnavetninga fer með umsjón jarðarinnar Saura í Miðfirði.

### **Skógræktarstarf Landsvirkjunar við Búrfell**

Starfsmaður Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár haft faglega umsjón með framkvæmdum á skógræktarsvæði Landsvirkjunar við Búrfell. Nú er unnið að gróðursetningu á nýju svæði við Bjarnalón.



Undanfarin tvö ár hefur land verið jarðunnið með TTS-herfi fyrir gróðursetningu líkt og gert var á svæðinu undir Búrfellinu. Líkt og þar er lifun og þrif plantna mun betri með jarðvinnslu.

### **Sjálfbóðaliðar – European Volunteer Service**

Skógræktarfélagið er viðurkenndur gestgjafi af European Volunteer Service, sem er hluti af Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins. Félagið tók í maí í fjórða sinn á móti fimm erlendum sjálfbóðaliðum, sem unnið hafa í skógum félagsins og aðildarféлага þess. Komu sjálfbóðaliðarnir í ár frá Ítalíu, Póllandi, Spáni og Tékklandi.

### **ERLEND SAMSKIPTI**

Starfsmenn félagsins hafa sinnt erlendum fyrirspurnum og verið í samskiptum við ýmsa erlenda aðila sem til félagsins hafa leitað um upplýsingar um starfsemi félagsins og skógrækt á Íslandi almennt. Merkjanleg aukning varð í fjölda erlendra fyrirspurna eftir að grein um íslenska skógrækt birtist í New York Times í október 2017.

### **European Forest Network**

Ragnhildur Freysteinsdóttir og Jónatan Garðarsson sóttu fund samtakanna í Gołuchów í Póllandi í maí fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands. Gestgjafi fundarins var Pólska skógræktarfélagið (*Polskie Towarzystwo Leśne*). Næsti fundur samtakanna er fyrirhugaður á Íslandi 2020.

### **Fræðsluferðir**

Rúmlega 50 manns fóru í fræðsluferð til Bresku-Kólumbíu og Alberta í Kanada dagana 19. – 21. september 2017. Ferðin var skipulögð í samráði við Bændaferðir, en fararstjóri fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands var Ragnhildur Freysteinsdóttir.

Farin verður fræðsluferð til norðurhluta Spánar, til Pýrenea-fjallanna, dagana 17. – 24. október 2018. Uppselt er í ferðina.

### **ÝMIS VERKEFNI**

Skógræktarfélag Íslands fæst við ýmis verkefni. Þar er einna mikilvægast fjölbreytt samstarf og samskipti við skógræktarfélögin í landinu, en auk þess leitar almenningur til félagsins eftir upplýsingum um hvaðeina er lýtur að gróðri, trjám og skógrækt.

### **Stefnumótun**

Stjórn og starfsmenn unnu áfram að stefnumótun fyrir félagið og var drögum að henni lokið í maí. Þau drög voru send til aðildarfélaganna og óskað eftir athugasemdum frá félögunum. Stjórn fór svo yfir þær athugasemdir sem bárust og gerði endanlega tillögu að stefnumótun, sem lögð er fyrir aðalfund félagsins 2018.

### **Samningar**

Í júní var undirritaður undirritaður samningur kirkjustjórnar Íslands og Reykholtskirkju við Skógræktarfélag Borgarfjarðar og Skógræktarfélag Íslands um stækkun skógræktarsvæðis í Reykholti, allt norður til Hvítár. Í júlí var undirritaður samningur um afnot Skógræktarfélags Íslands af 230 hektara landi í Skálholti til 90 ára. Fyrirhugað er að rækta þar upp yndisskóg, sem nýtist í framtíðinni almenningi til útivistar.

### **Global ReLeaf**

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Eskifjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk styrk úr Global ReLeaf verkefninu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation, til þriggja ára árið 2017, fyrir gróðursetningu um 15.000 trjáplantna á ári. Settar voru niður plöntur samkvæmt úthlutun styrksins sumarið 2018.

### **Umsagnir**

Umsögn var send á skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps vegna deiliskpulags fyrir frístundabyggð og þjónustulöð milli Hólsár og skólasvæðis í Tálknafirði í ágúst 2017 en á svæðinu hafa verið gróðursettar trjáplöntur á vegum Landgræðsluskóga frá árinu 1990.

Félagið sendi umsögn vegna endurskoðaðs aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015- 2031 í janúar 2018 en þar starfa tvö aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands og var haft samráð við þau vegna umsagnarinnar.

Einnig var send umsögn vegna aðalskipulags Kjósarhrepps 2017-2029 í júlí 2018, en í Kjósinni er Skógræktarfélag Íslands með ræktun á tveimur jörðum, Ingunnarstöðum og Þrándarstöðum, auk þess sem fjögur aðildarfélög Skógræktarfélagsins eru eigendur jarðarinnar Fossár þar sem skógrækt hefur verið stunduð í hart nær 50 ár.

Skógræktarfélag Íslands hefur einnig verið Skógræktarfélagi Garðabæjar innan handar vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulagi í Smalaholti í Garðabæ en þar hófst verkefni Landgræðsluskóga árið 1990.

Félagið sendi einnig umsögn vegna deiliskipulags við Skógarfoss í júlí.

## **ÞAKKIR**

### **Samstarfsaðilar**

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og samtök, bæði hérlendis og erlendis, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega til telja Skógræktina, Landgræðslu ríkisins, Landssamtök skógareigenda og skátahreyfinguna.

### **Stuðningsaðilar**

Fjöldmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna Arion banka, Eimskip, Icelandair Group, IKEA, Odda, Toyota á Íslandi og Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

**Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.**

Reykjavík, ágúst 2018,  
f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,



**Jónatan Garðarsson formaður**



**Skógræktarfélag Íslands**

**kt. 600269-3809**

